

## Upplýsingar+Leiðbeiningar

**Skráning:** KKÍ mun senda út póst og auglýsa skráningu ásamt helstu upplýsingum, upplýsingum um mótshaldara, leikreglur og skráningarform fyrir umferðina. Í skráningunni þurfa félög að taka fram netfang tengiliðar og þjálfara, leikjadagskrá er síðan send á þessi netföng. **Vil minna ykkur á að skrá ykkar lið til þátttöku á þetta form svo við höfum allar upplýsingar.**

Þið þurfið að vera með Microsoft aðgang til að komast í skráningarskjalið sem við sendum á ykkur og getið þið þá fylgst með skráningu og svarað fyrir skráningu ef félög hafa samband, t.d hvort skráning hafi tekist osfrv.

Í skráningarskjalinu sjáið þið allar upplýsingar um lið, þjálfara og tengiliði úr fyrrum umferðum og síðan nýjar skráningar þegar þær bætast við.

Þegar skráningu er lokið tökum við saman allar skráða tengiliði+þjálfara og sendum ykkur. Þið sendið síðan út leikjadagskrá á þessa aðila (sjá leiðbeiningar neðar í skjalinu).

Hér er hlekkur á skráningarskjalið.

**Áminning um skráningu:** KKÍ sendir út áminningu um skráningu á lokadegi skráningar.

Áður en skráningu lýkur **vinsamlegast verið búin að kynna ykkur öll gögn og farið vel yfir leiðbeiningar.** Það er gott að vera búin að setja upp velli og tímasetningar áður en skráningu lýkur. Á meðan skráningu stendur getur auðvitað fjölgað/fækkað liðum en gott er að geta miðað við fyrri umferð og vera þá með plön hvernig uppsetningin verður ef það fækkar/fjölgar liðum.

Við sendum skjal með drögum að leikvöllum og tímasetningum en þið aðlagðið síðan að því sem hentar ykkar húsi upp á velli og tímasetningar. Vinna getur þá hafist strax við að raða riðlunum upp þegar skráningu lýkur og hægt að senda út leikjadagskrá fljótlega. Endilega hafið samband tímanlega ef það er eitthvað óskýrt.

Í viðhengi fylgir Leikjadagskrá – vinnuskjal. Þar eru riðlarnir miðað við lokastöðu eftir síðustu umferð og búin að færa á milli riðla.

Daginn eftir að skráningu lýkur sendir KKÍ ykkur þetta vinnuskjal uppfært. Þar verðum við búin að gera þær breytingar sem urðu á fjölgun/fækkun liða á meðan skráningu stóð og allir riðlar klárir.

**Mikilvægt er að senda okkur drög að leikjadagskrá á fimmtudeginum áður en leikjadagskrá er send út. Við förum yfir skjalið og ef það eru athugasemdir þá fáði þið tækifæri á að lagfæra áður en leikjadagskrá er send út í hádeginu á föstudegi.**

## Leiðbeiningar

Við verðum búin að færa á milli riðla, þau lið sem færast upp/niður og einnig á milli riðla þannig að liðin spili ekki alltaf við sömu lið. En þið getið fært lið á milli riðla í sama styrkleikaflokki ef þörf er á. – *Sjá mynd*

|   | C1 riðill    |   | C2 riðill    |  |
|---|--------------|---|--------------|--|
| 1 | Njarðvík     | 1 | Skallagrímur |  |
| 2 | Stjarnan b   | 2 | Þór Ak.      |  |
| 3 | Breiðablik b | 3 | Höttur       |  |
| 4 | KR b         | 4 | Afturelding  |  |
| 5 | ÍA           | 5 | Selfoss      |  |

Þeir riðlar sem bera sama heitið eins og C1, C2, C3 og C4 eru í sama styrkleika, það er ekki munur á að vera í C1 eða C4. Liðin sem eru í sömu sætum í þessum riðlum eru í sama styrkleikaflokki og hægt að færa þau á milli t.d til að forðast árekstra eða aðrar ástæður. Ekki skal að hafa lið frá sama félagi saman í riðli.-*sjá mynd*

Hægt að færa lið á milli riðla sem eru með sama númer (sami styrkleiki)

| C1 riðill    |  | C2 riðill      |  | C3 riðill     |  | C4 riðill    |
|--------------|--|----------------|--|---------------|--|--------------|
| 1 Haukar b   |  | 1 Breiðablik b |  | 1 Fjölnir     |  | 1 KR         |
| 2 Fylkir     |  | 2 Álftanes     |  | 2 Afturelding |  | 2 Haukar c   |
| 3 KR b       |  | 3 Þór Ak.      |  | 3 Selfoss b   |  | 3 Stjarnan c |
| 4 ÍA         |  | 4 ÍR c         |  | 4 KR c        |  | 4 ÍR b       |
| 5 Keflavík c |  | 5 KR d         |  | 5 Vestri      |  | 5 Keflavík b |

Einnig er formúla búin að reikna út viðureignir samkvæmt [leikjaniðurröðun í fjölleikamótum](#) og raða leikjunum upp í skjalinu. Leikina fyrir hvern riðil finnið þið neðar í skjalinu – sjá mynd fyrir neðan

Afritið (copy) og færið inn á rétt "slot" á leikvelli. Mikilvægt að halda litunum.

| C1 riðill |   |          |   |            |
|-----------|---|----------|---|------------|
| 2         | 5 | Fylkir   | - | Keflavík c |
| 1         | 4 | Haukar b | - | ÍA         |
| 3         | 5 | KR b     | - | Keflavík c |
| 2         | 4 | Fylkir   | - | ÍA         |
| 1         | 3 | Haukar b | - | KR b       |
|           |   |          | - |            |
| 4         | 5 | ÍA       | - | Keflavík c |
| 2         | 3 | Fylkir   | - | KR b       |
| 1         | 5 | Haukar b | - | Keflavík c |
| 3         | 4 | KR b     | - | ÍA         |
| 1         | 2 | Haukar b | - | Fylkir     |

Laugardagur

Sunnudagur

Hægt er að færa leiki til innan riðils ef t.d forðast á árekstra innan félags eða færa þarf leik frammar hjá liði sem er að ferðast lengra frá. En huga þarf að því að í 5 og 6 liða riðlum að liðin spili ekki tvo leiki í röð ef það er verið að færa leiki innan riðils.

Við röðun í "slott" þá reynum við að hafa í huga að þau lið sem eru að ferðast lengri vegalengdir byrji fyrst svo þau klára þá fyrst á sunnudeginum. Best er ef liðin spili í sama "slotti" og á sama leikvelli á báðum dögum til að forðast misskilning. Einnig reynum við að forðast árekstra hjá liðum frá sama félagi, sérstaklega hjá félögum sem eru skráð með a og b lið, þegar það eru komin fleiri lið þá er erfiðara að komast hjá árekstrum en reynum alltaf að takmarka þá. Hjá félögum með fleiri en tvö lið skráð gæti komið fyrir að liðin spili á sama tíma en setjum aldrei leiki hjá þremur eða fleirum liðum frá sama félagi á sama tíma – *sjá mynd fyrir neðan*

Riðlunum er síðan raðað í „slott“ (tímarammi) á leikvelli (copy/paste leikjaniðurröðun) úr skjalinu og yfir á völl/velli. Allar þessar upplýsingar eru í skjalinu sem við sendum ykkur-*sjá mynd af C1 riðli fyrir ofan*

## MB11 drengja - 1. umferð 2023-2024

| Laugardagur 7. október 2023, Blue höllin |              |              |              |                |       |               |              |             |                  |       |  |
|------------------------------------------|--------------|--------------|--------------|----------------|-------|---------------|--------------|-------------|------------------|-------|--|
| B-salur                                  |              |              | Völlur 1     |                |       | Völlur 2      |              |             | Völlur 3         |       |  |
| 9:00                                     | Keflavík     | - Laugðalir  | Álftanes     | - KR d         | 9:00  | Afturelding   | - Vestri     | Stjarnan e  | - Þór Ak. b      | 9:00  |  |
| 9:30                                     | Stjarnan     | - Sindri     | Breiðablik b | - ÍR c         | 9:30  | Fjölnir       | - KR c       | Samherjar   | - Haukar d       | 9:30  |  |
| 10:00                                    | Grindavík    | - Tindastóll | Þór Ak.      | - KR d         | 10:00 | Selfoss b     | - Vestri     | Ármann b    | - Þór Ak. b      | 10:00 |  |
| 10:30                                    | Sindri       | - Laugðalir  | Álftanes     | - ÍR c         | 10:30 | Afturelding   | - KR c       | Stjarnan e  | - Haukar d       | 10:30 |  |
| 11:00                                    | Stjarnan     | - Tindastóll | Breiðablik b | - Þór Ak.      | 11:00 | Fjölnir       | - Selfoss b  | Samherjar   | - Ármann b       | 11:00 |  |
| 11:30                                    | Grindavík    | - Keflavík   | ÍA b         | - Tindastóll b | 11:30 | Fjölnir b     | - Keflavík d | Samherjar b | - Breiðablik e   | 11:30 |  |
| 12:00                                    | Sindri       | - Tindastóll | Breiðablik c | - Fylkir b     | 12:00 | Afturelding b | - Höttur     | Stjarnan f  | - Snæfell        | 12:00 |  |
| 12:30                                    | Stjarnan     | - Keflavík   | Grindavík b  | - Tindastóll b | 12:30 | Þór Ak. c     | - Keflavík d | Höttur b    | - Breiðablik e   | 12:30 |  |
| 13:00                                    | Grindavík    | - Laugðalir  | ÍA b         | - Fylkir b     | 13:00 | Fjölnir b     | - Höttur     | Samherjar b | - Snæfell        | 13:00 |  |
| 13:30                                    | Stjarnan b   | - Sindri b   | Grindavík h  | - Breiðablik c | 13:30 | Afturelding b | - Þór Ak. c  | Stjarnan f  | - Höttur b       | 13:30 |  |
| 14:00                                    | Breiðablik   | - Selfoss    | Fylkir       | - Keflavík c   | 14:00 | Haukar c      | - Keflavík b | Valur b     | - Breiðablik d   | 14:00 |  |
| 14:30                                    | Njarðvík     | - Sindri b   | Haukar b     | - ÍA           | 14:30 | KR            | - ÍR b       | Stjarnan d  | - Skallagrímur b | 14:30 |  |
| 15:00                                    | Stjarnan b   | - Selfoss    | KR b         | - Keflavík c   | 15:00 | Stjarnan c    | - Keflavík b | Njarðvík b  | - Breiðablik d   | 15:00 |  |
| 15:30                                    | Breiðablik   | - Njarðvík   | Fylkir       | - ÍA           | 15:30 | Haukar c      | - ÍR b       | Valur b     | - Skallagrímur b | 15:30 |  |
| 16:00                                    | ÍR           | - Haukar     | Haukar b     | - KR b         | 16:00 | KR            | - Stjarnan c | Stjarnan d  | - Njarðvík b     | 16:00 |  |
| 16:30                                    | Skallagrímur | - Ármann     |              |                | 16:30 |               |              |             |                  | 16:30 |  |
| 17:00                                    | Valur        | - Haukar     |              |                | 17:00 |               |              |             |                  | 17:00 |  |

Miðað er við að riðill klári sína leiki í einu “slotti” og síðan taki annar riðill við.

Miðað er við að hvert lið spili tvo leiki á dag, fyrir utan A-riðla í MB. En í 7. og 8.flokki er möguleiki á að leikirnir dreifist á þrjá daga.

Í 5 og 6 liða riðlum eiga lið ekki að þurfa að spila tvo leiki í röð. Það er óhjákvæmilegt í 4 liða riðlum og er það undir ykkur komið hvort þið setjið hlé á milli þeirra leikja.

Ef leikir fara fram á laugardegi og sunnudegi þá er best að halda riðlunum í sama “slott” svo það verði ekki misskilningur með leiktíma. En óhjákvæmilegt er að raða leikjum á mismunandi tíma ef leikir byrja á föstudegi.

Í skjalinu eru tímasetningar og vellir. Þið fjölgið/fækkið völlum eftir þörfum og þið uppfærið tímasetningar sem henta ykkar húsum/skipulagi eins og áður hefur komið fram.

**Gott er að vera búin að lesa allar leiðbeiningar vel og undirbúa velli og tímasetningar í skjalinu áður en skráningu lýkur.**

**Leikjadagskrá:** Áður en leikjadagskrá er send á félögin þarf að muna að senda drög á KKÍ til yfirferðar. Eftir að yfirferð hefur farið fram og ef breytinga hefur þurft þá sendir KKÍ tengiliðalista með tölvupóstum tengiliða skráðra liða ásamt þjálfurum. Þið sendið út leikjadagskrá sem umsjónaraðilar umferðarinnar. Leikjadagskrá er send út á pdf. formi til allra skráðra liða samkvæmt skráningu (tengiliðir/þjálfara). Í viðhengi til ykkar fylgir texti að drögum að tölvupósti sem væri gott að nota þegar sent er út leikjadagskráin.

Sendið á [kki@kki.is](mailto:kki@kki.is) og setjið þjálfara/tengiliði skráðra liða í bcc. Mikilvægt er að KKÍ fá póstinn til að setja leikina á dagskrá í móttakerfinu. Gert er ráð fyrir því að leikjadagskrá sé send út í síðasta lagi á **hádegi á föstudegi viku áður en umferðin hefst.**

KKÍ færir síðan inn alla leiki í kerfið eins fljótt og auðið er. En mikilvægt er að vita að leikjadagskráin sem þið sendið frá ykkur er sú leikjadagskrá sem **gildir.**

KKÍ hefur miðað við að senda þátttökugjöld á öll skráð lið og þau félög sem hætta við þátttöku greiði því samt sem áður þátttökugjöldin. Ástæðan er sú vinna sem á sér stað við að bregðast við breytingunni ásamt því að oft getur þetta haft áhrif á önnur lið.

Ef breytingar verða á leikjadagskrá eftir að leikjadagskrá er gefin út, t.d ef félag hættir við þátttöku. Þá þarf að senda uppfærða leikjadagskrá á félögin í þeim riðlum sem breytingar hafa áhrif á. Hér er sama fyrirkomulag og með leikjadagskrána, senda uppfærða leikjadagskrá á pdf.


á kki@kki.is og tengiliðir/þjálfarar í bcc. Við uppfærum síðan leiktímana í kerfinu við fyrsta tækifæri.

Í þeim pósti sem þið sendið frá ykkur fylgja eftirfarandi viðhengi:

- Leikjadagskrá á pdf. formi
- Upplýsingar um ykkur mótshaldara, tengiliði við mótið, gistingu og greiðsluupplýsingar (ef þið innheimtið ekki þátttökugjöld en við mælum með því).

### Skráning úrslita

- Vinsamlegast skráið inn úrslit leikja sem allra fyrst og verið endilega búin að athuga hvort allir leikir birtast ekki á aðganginum ykkar eftir að þeir eru komnir á dagskrá í kerfinu.
- Samkvæmt reglugerð eru dagsektir vegna vanrækslu við skil á úrslitum.
- Neðst á heimasíðu kki.is er hægt að fara inn og skrá úrslit.



- Þau sem eru með aðgangsorð en hafa gleymt lykilorði geta stofnað nýtt lykilorð með því að smella á "Password recovery"



- Þau sem hafa glatað eða vantar aðgangsorð vinsamlegast sendið tölvupóst á [kki@kki.is](mailto:kki@kki.is) og við aðstoðum ykkur.
- Mikilvægt að þeir þjálfarar eða aðrir sem eiga að skrá inn úrslitin eru með aðgang.

Við sendum út spurningakönnun eftir að umferðinni lýkur og þar fá þjálfarar tækifæri á að meta framkvæmd á umferðinni og koma fram sínum skoðunum. Við sendum ykkur síðan niðurstöður fljótlega eftir að umferðin fór fram.

Þið megið gjarnan senda okkur eftir umferðina ef það er eitthvað sem þið viljið koma á framfæri. Einnig óskuðu félögin eftir því að ef þjálfarar/leikmenn/forráðamenn eða aðrir innan síns félags eru með óæskilega hegðun að fá þær ábendingar til sín. Það má því senda á okkur og við komum þeim áfram á þau félög sem eiga hlut í.

